

AUGLÝSING

um friðlýsingu fólkvangsins að Hrauni í Öxnadal.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfisstofnun hefur, að tillögu sveitarstjórnar Hörgárbyggðar og með samþykki Hrauns í Öxnadal ehf., eigenda jarðarinnar Hrauns og að fengnu álitni Umhverfisstofnunar, ákveðið að friðlýsa hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal sem fólkvang í samræmi við 55. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Fólkvangurinn nær yfir 2.286 hektara jarðarinnar, en 77 hektarar af heimalandi jarðarinnar eru undanskildir friðlýsingunni.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmiðið með friðlýsingu hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal er að vernda svæðið til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Verndargildi svæðisins byggir á því að landslag og náttúruferir, sérstaklega jarðmyndanir, eru mjög fjölbreytt og eru þar m.a. mikilvægar minjar um horfna búskaparhætti. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að auðvelda umgengni og kynni af menningarminjum og bókmenntaarfi þjóðarinnar, en þar fæddist skáldið og náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson.


3. gr.

Mörk fólkvangsins.

Mörk fólkvangsins eru eftirfarandi: Að austan fylgja mörkin Öxnadalsá. Að sunnan liggja þau eftir Hraunsá upp í ósa Hraunsvatns, þaðan um línu sem dregin er frá upptökum Hraunsár í Hraunsvatni upp í Smjörhlíðarhaus og eftir Ölduhrygg upp á Þverbrekkuhnjúk og áfram á vatnaskilum yfir Bessahlaðaskarð suður á norðurenda Varmavatnshólafljalls (svo nefndan Varmavatnshólahnjúk) og í sveig á vatnaskilum fyrir botn Vatnsdals. Að vestan liggja mörkin eftir Háafjalli fyrir botn Kiðlingsdals eftir hreppamörkum gamla Öxnadalshrepps og Skriðuhrepps og síðan norður fjallsbrúnina eftir Drangafjalli (Háafjalli) í skurðpunkt við norðurmörk jarðarinnar norðarlega í Drangafjalli. Að norðan eru mörkin eftir landamerkjum við Auðnir niður í garðbrot á Valsnesi niður við Öxnadalsá.

Undanskilinn er hluti heimalands jarðarinnar, sbr. 1. gr. og eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdraetti.

Mörk Hrauns miðast við landamerkjalykingu sem lesin var upp á manntalsþingi Öxnadalshrepps 12. júní 1920.



4. gr.

Umsjón fölkvangsins o.fl.

Umsjón og rekstur fölkvangsins skal vera í höndum þriggja manna umsjónarnefndar sem skipuð er einum fulltrúa Hörgárbyggðar, einum fulltrúa Hrauns í Öxnadal ehf. og einum fulltrúa Umhverfisstofnunar, samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun sem umhverfis-

ráðherra skal staðfesta. Umsjónarnefndin skal skipuð í upphafi hvers kjörtímabils. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndaráætlunar fyrir fólkvanginn í samráði við Hörgárbyggð og stjórn Hrauns í Öxnadal ehf., sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

Verndun gróðurs, dýralífs og jarðmyndana.

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir og aðrar náttúruminjar í fólkvanginum. Óheimilt er að rækta framandi plöntutegundir í fólkvanginum.

6. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda í fólkvanginum þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Jarðrask og mannvirkjagerð er einnig háð leyfi Umsjónarnefndar fólkvangsins og skal vera í samræmi við uppbyggingu fólkvangsins þar sem gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum. Jafnframt er gert ráð fyrir aðstöðu til náttúruskoðunar og umhverfisfræðslu. Í verndaráætlun er nánari útfærsla á framkvæmdum innan fólkvangsins í þágu útivistar og fræðslu.

7. gr.

Umferð í fólkvanginum.

Umferð vélknúinna ökutækja í fólkvanginum er óheimil.

Almenningi er heimil för um fólkvanginn og dvöl þar í lögmætum tilgangi og er öllum skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Óheimilt er að hafa hunda í fólkvanginum án fylgdar og tryggrar stjórnar.

8. gr.

Veiði og notkun skotvopna.

Öll meðferð skotvopna er bönnuð í fólkvanginum, en Umsjónarnefnd fólkvangsins getur veitt heimild til að veiða refi og minka í fólkvanginum ef sérstök ástæða þykir, en ætíð í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 og verndaráætlun.

9. gr.

Undanþágur.

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Umsjónarnefndar fólkvangsins, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum ef brýna nauðsyn ber til.

10. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglum 5.-8. gr. auglýsingar þessarar varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Nr. 534

10. maí 2007

11. gr.
Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Hrauni í Öxnadal, 10. maí 2007.

Jónína Bjartmarz.

Magnús Jóhannesson.

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2007